

1.1 Faxaflóahafnir

Hagnaður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2020 nam 149,1 mkr. Til samanburðar var hagnaður 417,0 mkr. fyrir sama tíma árið 2019. Tap af reglulegri starfsemi nam 105,6 mkr. en 2019 var var hagnaður af reglulegri starfsemi 425,2 mkr.

Rekstrartekjur námu 1.601,6 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.986,3 mkr. Fyrir sama tímabil 2019 voru tekjur 1.963,7 mkr. og hafa því lækkað um 18,4% á milli ára. Samdráttur í vöruflutningum og afbókanir skemmtiferðaskipa þýðir að tekjur ársins verða talsvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld eru 26,9% lægri en áætlun gerði ráð fyrir, en aflagjöld eru á áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu eru talsvert undir áætlun þar sem nánast engin farþegaskip koma til hafnar vegna COVID-19 veirunnar.

Fyrstu sex mánuði ársins voru tekjur af vörugjöldum undir áætlun. Því verður að sjá til hvernig tekjur skila sér seinni hluta ársins, ætla má eftir sem áður að niðurstaðan verði undir því sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.

Rekstrargjöld námu 1.707,2 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.840,6 mkr. Fyrir sama tímabil árið 2019 voru þau 1.538,5 mkr. þannig að þau hækka um 11,0% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Inn í rekstrargjöld ársins er fært uppgjör vegna kjarasamninga sem gilda frá 1. apríl 2019. Reiknað er með að rekstrargjöld verði almennt í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur fyrstu sex mánuðina er lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Verulegt tekjutap er vegna þess að nánast engin farþegaskip hafa komið til landsins eins og áður sagði en tekjur vegna þeirra voru áætlaðar 700 mkr. brúttó. á árinu 2020. Meðal annarra tekna er færður söluhagnaður vegna hafnsögubátsins Jötuns sem var seldur í júní á 220,5 mkr., og tekjur vegna viðbótargatnagerðargjalda.

Heildareignir námu 16.170,1 mkr. og hafa lækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 14.200,3 mkr. og veltufjármunir 1.969,8 mkr. Heildarskuldir námu 1.535,9 mkr. og langtímaskuldir 577,3 mkr. Langtímaskuldir eru svipaðar fog um áramót. Meðal annarra skammtímaskulda er ógreiddur arður rúmlega 431 mkr. en hann var greiddur út í júlí. Eigið fé nam 14.634,2 mkr.

Handbært fé frá rekstri var 888,8 mkr. Fjárfestingar námu 805,7 mkr. fyrstu sex mánuði ársins en fjárfestingar ársins eru áætlaðar verða 469 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en ráðgert var að fjárfesting næmi 1.850,0 kr. Stærsta einstaka framkvæmd sem hefur verið frestað er endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi. Lokið var við landgerð við Sævarhöfða sem er í samræmi við samning borgar og hafnar um kaup og landskil í Sævarhöfða. Verkefni við Ægisgarð vegna aðstöðu hafsækinna ferðarþjónustu er á áætlun. Nýr dráttarbátur kom til Faxaflóahafna í lok febrúar 2020, hann var að stærstum hluta greiddur 2019. Greiddur var út arður til eigenda sem nam 431,6 mkr. Handbært fé er 1.490,2 mkr. er eilítið herra en um síðustu áramót.

Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2020 verði lægri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun tekna. Rekstrargjöld verða í samræmi við áætlun en fjárfestingar mun lægri en áætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2015-2020 :

Kennitölur Faxaflóahafna	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Eiginfjárlutfall	89,3%	90,4%	90,5%	88,5%	87,2%	90,5%
Arðsemi eigin fjár	0,9%	1,8%	4,8%	12,6%	5,6%	2,0%
Veltufjárlutfall	3,60	4,96	3,05	2,82	2,48	2,05
Langtímaskuldir/eigið fé	8,1%	7,1%	6,2%	5,2%	4,5%	3,9%
Uppgreiðslutími	1,17	0,77	0,62	0,54	0,94	0,83
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	34%	33,9%	41,1%	41,7%	41%	21%